

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021.

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

Breytingar á sundurliðun 1:

- Liðurinn 114.1.1 Virðisaukaskattur lækki um 5.000 m.kr.
- Liðurinn 121.2.1.1 Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyrstrygginga lækki um 5.000 m.kr.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar			
3. Við 07.10 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar			
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild	10.374,6	1.000,0	11.374,6
b. Framlag úr ríkissjóði	10.220,5	1.000,0	11.220,5
4. 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild	4.263,7	1.000,0	5.263,7
b. Framlag úr ríkissjóði	4.254,7	1.000,0	5.254,7
08 Sveitarfélög og byggðamál			
5. Við 08.10 Framlög til sveitarfélaga			
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti			
a. Rekstrartilfærslur	19.894,2	2.000,0	21.894,2
b. Framlag úr ríkissjóði	19.894,2	2.000,0	21.894,2
11 Samgöngu- og fjarskiptamál			
Við 11.10 Samgöngur			
6. 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild	56.208,1	400,0	56.608,1
b. Framlag úr ríkissjóði	54.631,2	400,0	55.031,2
14 Ferðaþjónusta			
7. Við 14.10 Ferðaþjónusta			
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild	2.578,4	3.300,0	5.878,4
b. Framlag úr ríkissjóði	2.562,6	3.300,0	5.862,6

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa			
8. Við 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun			
08 Heilbrigðisráðuneyti			
a. Heildarfjárheimild	18.634,8	1.300,0	19.934,8
b. Framlag úr ríkissjóði	18.634,8	1.300,0	19.934,8

Greinargerð.

1. Gerð er tillaga um tímabundna lækkun á virðisaukaskatti af sölu veitinga- og gististaða af sölu á matvöru og öðrum vörum til manneðis, úr 11% í 6%. Nemur breytingin 5 milljörðum kr.
2. Gerð er tillaga um 5 milljarða kr. lækkun á tryggingagjaldi vegna starfsmanna sem ráðnir eru af atvinnuleysisskrá
3. Gerð er tillaga um 750 millj. kr. framlag til Rannsóknasjóðs og 250 millj. kr. framlag til Innviðasjóðs.
4. Gerð er tillaga um 1 milljarðs kr. framlag til Tækniþróunarsjóðs.
5. Gerð er tillaga um 2 milljarða kr. framlag til að styðja félagsþjónustu sveitarfélaga.
6. Gerð er tillaga um 400 millj. kr. fjárfestingarstyrki til uppbyggingar hraðhleðslustöðva á lykilstöðum við þjóðvegi landsins.
7. Gerð er tillaga um 3,3 milljarða kr. framlag til stuðnings ferðaþjónustu, listum og menningu sem verði veitt á sama hátt og ferðagjöf ársins 2020. Fjárhæð yrði 15.000 kr. fyrir hvern gjafþega, 12 ára og eldri, gildir fyrstu 9 mánuði ársins 2021.
8. Gerð er tillaga um 1,3 milljarða kr. framlag til að fjármagna samninga Sjúkratrygginga Íslands við sjálfstætt starfandi sálfræðinga.